

Nd.

531. Frumvarp til laga

[189. mál]

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum, þar til fram komið frumvarp um útflutningssjóð o. fl. hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu á Alþingi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem sýnt þykir, að fram komið frumvarp til laga um útflutningssjóð o. fl. muni ekki ná fullnaðarafgreiðslu á Alþingi fyrir 18. þ. m., þykir nauðsynlegt að framlengja lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu á þann hátt, er segir í frumvarpi þessu.